



Frá skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps

Götusópur verður á ferðinni n.k. miðvikudagsmorgun 22. apríl í Laugartúni og Smáratúni. Íbúar eru vinsamlegast beðnir um að skilja bíla sína ekki eftir á götunni.

ÍBÚAFUNDUR Á SVALBARÐSSTRÖND

Því miður er enn nauðsynlegt að sjóða allt neysluvatn á Svalbarðsströnd. Svo virðist sem mengun í vatnsbólum sé sveiflukennnd og sýni stundum í lagi og stundum ekki.

Svalbarðsstrandarhreppur og Norðurorka hafa ákveðið að halda íbúafund þar sem farið verður yfir stöðu mála. Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 22. apríl kl. 17:00 í Valsárskóla.

Skrifstofa Svalbarðsstrandarhrepps.

Næstu rusladagar

24. apríl	-	Almennt sorp
7. maí	-	Almennt sorp
13. maí	-	Endurvinnsla

Bókasafnið:

Opið á sínum tíma á mánudögum kl. 17-19.

Svalbarðskirkja

Sumardagurinn fyrsti 23. apríl

Fermingarguðsþjónusta kl. 11.00. Fermingarborn: Alda Rut Sigurðardóttir, Alída Milla Möller Gautadóttir, Hrafninna Nótt Laufdal, Ragnar Þór Eiríksson, Stefán Viðar Stefánsson, Orri Ársælsson. Athugið! Klerkur vill vekja sérstaka athygli á því að við erum öll velkomin til fermingarguðsþjónustunnar. Það þarf enginn að vera smeykur við það að taka sæti frá fjölskyldum fermingarbarna, kirkjan rúmar fjölda fólks, nóg pláss! Það er sannarlega sumarlegt að verða vitni að lífsins játningum unga fólksins, það er dásamlegt. Gleðilegt sumar!!

Mæðradagurinn 10. maí

Uppskeruhátíð barnastarfsins í Laufási. Fjölskyldustund í Laufáskirkju kl. 14.00. Hoppukastali og grillaðar pylsur eftir stund. Svo verða komin lömb í Laufási, me me me! Sjáumst og til hamingju með daginn allar mömmur!!

Fjáröflun unglíngadeildar Valsárskóla

Klósettpappír og eldhúsrúllur: 48 WC-rúllur kosta 7.000 kr, 24 WC-rúllur kosta 3.500 kr. og 15 eldhúsrúllur 3.800 kr. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvupósti á netfangið jonav@internet.is.

Safnasafnið

Eins og kom fram í Ströndungi í vetur þá er Safnasafnið orðið 20 ára og heldur upp á það með ýmsum hætti, 14 nýjar sýningar verða opnaðar laugardaginn 16. maí og efnt verður síðar til dagskrár með þátttöku íbúa sveitarinnar. Safnið auglýsir aftur eftir ljósmyndum sem eigendur myndu vilja leyfa eftirtöku af, og yrðu sýndar í sérstakri möppu í safninu í sumar, en það fer eftir þátttöku íbúanna hvort af þessu verður. Foreldrar barnanna í Valsárskóla og Leikskólanum Álfaborg eru hvattir til þess að taka frá tíma og mæta með þeim á opnunina til að skoða með listaverkin sem hafa lagt hug sinn og hjarta í og eru svo stolt af

Með vorkveðju, Níels Hafstein og Magnhildur Sigurðardóttir

Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar



Við í Tónlistarskólanum erum á fullu að taka upp geisladisk með tónlistinni sem verður flutt á vortónleikunum. Þemað hjá okkur eru barnasöngleikir sem eiga taugar í Eyjafjörðinn, nýir og gamlir, þekktir og minna þekktir.

Söngleikirnir sem við vinnum með eru Litla Ljót eftir Hauk Ágústsson, Píla Pína eftir Heiðísi Norðfjörð og Kristján frá Djúpalæk, Fuglakabarett eftir Daníel Þorsteinsson og Hjörleif Hjartarson, Skilaboðaskjóðan eftir Jóhann G. Jóhannsson og Þorvald Þorsteinsson og Björt í Sumarhúsum eftir Elínu Gunnlaugsdóttur og Þórarinn Eldjárn.

Vortónleikarnir verða í Sal Valsárskóla, miðvikudaginn 13. maí kl. 18. Aðgangur verður ókeypis og eru allir velkomnir. Eftir tónleikana verður hægt að panta eintak af geisladisknum.

22. maí, síðasta kennsludaginn okkar í vor, ætlum við að fara niður í fjöru kl. 13:30 og útbúa hljóðumhverfisverk, sem vonandi fær að standa í örlítinn tíma öðrum til ánægju og tilrauna. Nánari upplýsingar munu verða á heimasíðu tónlistarskólans þegar nær dregur og er öllum velkomið að koma og taka þátt í (tón)smíðinni.

Skólaslit tónlistarskólans verða beint á eftir í Skála, þar sem nemendur fá afhenta vitnisburði og við syngjum saman nokkur vorlög.

Staðfestingar núverandi nemenda fyrir skólavist á næsta skólaári standa yfir til 1. maí nk. en innritun nýnema verður á haustdögum og auglýst í ágúst.

Með bestu kveðjum úr Tónlistarskólanum

Litið um öxl

Þessi frétt birtist í Vísi þann 27. apríl 1960.

Ungmennafélagið Æskan á Svalbarðsströnd 50 ára. Á heillaríkan starfsferil að baki.

Frá fréttaritara Vísis.

Akureyri í gærmorgun.

Ungmennafélagið Æskan á Svalbarðsströnd minntist 50 ára afmælis síns með fagnaði í samkomuhúsi félagsins s.l. laugardagskvöld. Var þar margt fólk samankomið og meðal gesta voru tveir af stofnendum ungmennafélagsins, þeir bræðurnir Tryggvi og Ferdinand Kristjánssynir frá Meyjarhóli.

Tryggvi er nú búsettur á Akureyri en Ferdinand býr á Spónsgerði í Möðruvallasókn. Hinn þriðji er átti sæti í fyrstu stjórn ungmennafélagsins, Aðalsteinn Halldórsson er látinn.

Ungmennafélagið Æskan á Svalbarðsströnd hefur sennilega látið meira til sín taka í byggðarlagi sínu en almennt gerðizt um ungmennafélög. Það stofnaði til dæmis sparisjóð árið 1914 og rak hann í 20 ár en sparisjóðurinn var síðar gerður að sjálfstæðri stofnun með ábyrgð 12 manna. Ungmennafélagið átti drúgan þátt í því að samkomuhús sveitarinnar var reist og lagði félagið til fjórðung byggingarverðs hússins. Árið 1919 unnu félagsmenn að skógrækt og girtu af gróðurreit. Um margra ára skeið var rekið heyforðabúr í sveitinni fyrir tilstilli Æskunnar. Sundlaug var gerð í sveitinni og að fjölmörgu öðru menningar- og friðarmálefnum unnu ungmennafélagarnir.

Vísir, 92. tbl. (27.04.1960), bls. 11

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2350903

Óskum íbúum Svalbarðsstrandarhrepps gleðilegs sumars.

Skrifstofa Svalbarðsstrandarhrepps.



Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 19. maí.